

Afkoma Kaupþings banka á fyrri helmingi ársins 2008

Hagnaður eftir skatta 34,1 ma. króna á fyrri helmingi ársins

- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta nam á fyrri helmingi ársins 34,1 ma.kr. (45,8 ma.kr. á sama tímabili 2007)
- ◆ Arðsemi eiginfjár á fyrri helmingi ársins var 19,8% á ársgrundvelli (32,0% sama tímabil 2007)
- ◆ Grunntekjur (hreinar vaxtatekjur og þóknatekjur) jukust um 15,3% og námu 73,4 ma.kr. á fyrri helmingi ársins (63,6 ma.kr. á sama tímabili 2007)
- ◆ Innlán jukust um 400 ma.kr. í öðrum ársfjórðungi
- ◆ Innlán sem hlutfall af útlánnum til viðskiptavina jukust úr 36% í 44% á öðrum ársfjórðungi
- ◆ Eigið fé hluthafa jókst um 78,6 ma.kr. á fyrri helmingi ársins
- ◆ Eiginfjárlutfall helst áfram hátt 11,2% - Eiginfjárpáttur A var 9,3%
- ◆ Heildareignir námu 6.604 milljörðum króna í lok júní og jukust um 23,5% í íslenskum krónum en drógust saman um 9,0% í evrum frá áramótum
- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á öðrum ársfjórðungi nam 15,4 mö.kr. (25,5 ma.kr. á sama tímabili 2007)
- ◆ Arðsemi eiginfjár á öðrum ársfjórðungi var 16,1% á ársgrundvelli (36,6% sama tímabil 2007)
- ◆ Grunntekjur (hreinar vaxtatekjur og þóknatekjur) á öðrum ársfjórðungi jukust um 17,4% og námu 41,1 ma.kr. (35,0 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007)
- ◆ Hreinar vaxtatekjur voru hærri en allur kostnaður á öðrum ársfjórðungi

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri

„Rekstur Kaupþings gengur vel. Arðsemi eigin fjár á fyrri hluta ársins var um 20% og er það ánægjulegt að ná arðsemis markmiði bankans í óhagstæðu ástandi á fjármálamörkuðum. Það sem mest er um vert er að bankanum hefur tekist að verja eiginfjár- og lausafjárstöðu sína. Gengisvörn bankans og verðtryggðar eignir í eignasafni hans hafa verið bankann fyrir óróa í hagkerfi Íslands. Mjög vel hefur gengið að afla innlána en þau jukust um 28% á öðrum ársfjórðungi og eru horfur á því að þau markmið bankans náist að hlutfall innlána á móti útlánnum til viðskiptavina komist yfir 50% fyrir árslok. Bankinn er því vel fjármagnaður og lausafjárstaðan traust. Kaupþing er ekki frekar en aðrir bankar ónæmt fyrir þeim erfiðleikum sem nú einkenna alþjóðlega fjármálamarkaði og kemur það meðal annars fram í lægri gengishagnaði og í hærri virðisyrnun útlána. Hins vegar er rekstur bankans landfræðilega vel dreifður, áhættustýring bankans öflug og gæði eigna enn mjög mikil. Við teljum því að eignasafn okkar sé vel í stakk búið til að mæta áframhaldandi erfiðleikum á fjármálamörkuðum.“

Lykiltölur

Milljarðar ISK	Jan-jún 2008	Jan-jún 2007	Breyting	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	Breyting	2. ársfj. 2008	2. ársfj. 2007	Breyting
Rekstrartekjur	89,9	95,9	-6%	44,0	45,9	-4%	44,0	51,8	-15%
Rekstrarkostnaður	47,1	36,7	28%	25,5	21,6	18%	25,5	19,0	34%
Hagnaður hluthafa	34,1	45,8	-25%	15,4	18,7	-18%	15,4	25,5	-40%
Kostnaðarhlutfall	52,4%	38,3%		58,0%	47,0%		58,0%	36,7%	
Hagnaður á hlut, ISK	47,7	62,2	-23%	21,5	26,1	-18%	21,5	34,6	-38%
Arðsemi eigin fjár	19,8%	32,0%		16,1%	23,7%		16,1%	36,6%	

Rekstrarreikningur

<i>Milljónir króna</i>	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	26.863	21.332	23.739	20.259	19.849	16.265
Hreinar þóknatekjur	14.259	10.948	14.122	13.374	15.189	12.337
Gengishagnaður	927	9.686	-12.429	2.634	10.772	13.456
Aðrar tekjur	1.928	3.934	4.699	3.553	5.996	2.002
Rekstrartekjur	43.977	45.901	30.132	39.820	51.807	44.059
Laun og launatengd gjöld	-13.672	-12.093	-13.359	-10.921	-11.833	-10.534
Annar rekstrarkostnaður	-11.831	-9.469	-9.299	-8.428	-7.184	-7.173
Heildargjöld	-25.503	-21.562	-22.658	-19.348	-19.017	-17.707
Virðisrýmun	-5.591	-4.059	-1.959	-1.723	-1.075	-1.423
Hagnaður fyrir tekjuskatt	12.883	20.280	5.515	18.748	31.715	24.929
Tekjuskattur	2.372	-1.492	4.135	-3.962	-5.653	-4.236
Hagnaður	15.254	18.788	9.650	14.786	26.062	20.694
Hagnaður hluthafa	15.365	18.748	9.850	14.406	25.484	20.281
Hlutdeild minnihluta	-111	39	-200	380	578	413
Hagnaður á hlut	21,5	26,1	13,4	19,6	34,6	27,4

Efnahagsreikningur

<i>Milljarðar króna</i>	30.6.08	31.12.07		30.6.08	31.12.07
Sjóður og innst. í Seðlabanka	154	98	Skuldir við lánastofnanir	671	339
Kröfur á lánastofnanir	530	588	Innlán	1.848	1.381
Útlán til viðskiptamanna	4.169	3.304	Veltufjárskuldir á gangverði	231	218
Skuldabréf og aðrar vaxtab. eignir	676	367	Lántaka	2.883	2.616
Hlutabréf og eignir m/breytil. tekju	172	161	Víkjandi lán	328	267
Afleiður	328	135	Skattskuld	18	22
Afleiðusamn. v/áhættuvarna	28	23	Aðrar skuldir	187	147
Verðbréf á móti samningum	81	160	Hlutdeild minnihluta	13	11
Fjárf. í hlutdeildarfélögum	108	84	Eigið fé hluthafa	424	346
Óefnislegar eignir	86	67			
Fjárfestingaeignir	37	28			
Rekstrarfjármunir	39	33			
Skatteign	12	7			
Aðrar eignir	183	293			
Eignir samtals	6.604	5.347	Skuldir og eigið fé samtals	6.604	5.347

Afkomusvið - yfirlit

Janúar – júní 2008

<i>Milljónir króna</i>	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárfstýring	Bankasvið	Eignastýring og einka- bankabj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	1.128	-1.281	22.001	35.082	794	-9.528	48.195
Hreinar þóknatekjur	9.110	5.241	-117	3.863	6.784	327	25.207
Gengishagnaður	-16.120	888	9.681	338	532	15.295	10.614
Aðrar tekjur	113	267	453	3.526	184	1.320	5.863
Rekstrartekjur	-5.769	5.114	32.018	42.808	8.294	7.414	89.878
Gjöld	8.246	4.037	6.115	13.197	5.912	9.558	47.065
Virðisrýmun	3	0	0	9.659	0	-11	9.650
Heildargjöld	8.249	4.037	6.114	22.856	5.912	9.547	56.716
Framlegð	-14.018	1.077	25.904	19.952	2.381	-2.133	33.162
Útdeildur kostnaður	853	418	822	2.287	870	-5.249	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt	-14.871	659	25.082	17.665	1.512	3.116	33.162

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

Rekstrarreikningur

Áhrif veikingar íslensku krónunnar á uppgjör bankans

Starfrækslugjaldmiðill Kaupplings banka hf. (Kaupplings) er íslensk króna. Á fyrri helmingi ársins veiktist íslenska krónan um 33,7% og þar af var veikingin 3,2% á öðrum ársfjórðungi. Þessi mikla veiking krónunnar hefur veruleg áhrif á uppgjör bankans þar sem hún eykur raunverulegan vöxt tekna og gjalda, sem og eigna og skulda það sem af er árinu.

Hagnaður

Hagnaður Kaupplings á fyrri helmingi ársins 2008 fyrir tekjuskatt nam 33.162 m.kr. samanborið við 56.644 m.kr. hagnað á fyrri helmingi ársins 2007. Hagnaður hluthafa eftir tekjuskatt á fyrri helmingi ársins 2008 nam 34.114 m.kr. samanborið við 45.765 m.kr hagnað á sama tímabili í fyrra. Hagnaður á hlut á fyrri helmingi ársins 2008 var 47,7 kr. samanborið við 62,2 kr. á fyrri helmingi ársins 2007.

Hagnaður Kaupplings á öðrum ársfjórðungi 2008 fyrir tekjuskatt nam 12.883 m.kr. samanborið við 31.715 m.kr. hagnað á öðrum ársfjórðungi 2007. Hagnaður hluthafa á öðrum ársfjórðungi nam 15.365 m.kr. samanborið við 25.484 m.kr hagnað á öðrum ársfjórðungi í fyrra. Hagnaður á hlut á öðrum ársfjórðungi 2008 var 21,5 kr. samanborið við 34,6 kr. á öðrum ársfjórðungi 2007.

Tekjur

Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 námu samtals 43.977 m.kr. og drógust saman um 15,1% miðað við sama tímabil 2007.

Hreinar vaxtatekjur á fyrri helmingi ársins námu 48.195 m.kr. og jukust um 33,5% miðað við sama tímabili 2007. Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 námu 26.863 m.kr. og jukust um 35,3% miðað við sama tímabil 2007. Samanborið við fyrsta ársfjórðung 2008 þá hækkuðu vaxtatekjur um 25,9% og skýrist hækkunin að nokkru af tekjufærslu vegna hárrar verðbólgu á Íslandi.

Vaxtaálag, eða vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna, var 1,75% á fyrri hluta ársins samanborið við 1,87% á sama tímabili 2007.

Í eftirfarandi töflu er hreinum vaxtatekjum skipt niður eftir landssvæðum:

<i>Milljónir króna</i>	Jan-jún 2008	Jan-jún 2007	Breyting	<i>Milljónir króna</i>	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	Breyting
Ísland	16.397	12.479	31%	Ísland	10.336	6.062	71%
Skandinavía	11.139	9.870	13%	Skandinavía	6.083	5.056	20%
Bretland	15.986	9.698	65%	Bretland	7.891	8.095	-3%
Lúxemborg	4.258	3.240	31%	Lúxemborg	2.465	1.792	38%
Önnur lönd	415	828	-50%	Önnur lönd	88	327	-73%
Samtals	48.195	36.115	33%	Samtals	26.863	21.332	26%

Vaxtamunur, reiknaðir meðaltalsvextir vaxtaberandi eigna að frádregnum meðaltalsvöxtum vaxtaberandi skulda var 1,81% frá áramótum 2008, samanborið við 1,94% á sama tímabili 2007.

Hreinar þóknatekjur á fyrri hluta ársins námu 25.207 m.kr. og drógust saman um 8,4% miðað við sama tímabil 2007. Hreinar þóknatekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 námu samtals 14.259 m.kr. og drógust saman um 6,1% miðað við annan ársfjórðung 2007. Þennan samdrátt í þóknatekjum má rekja til minni umsvifa vegna erfiðs ástands á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem meðal annars kemur fram í lægri þóknatekjum hjá Fyrirtækjaráðgjöf. Jafnframt ber að hafa í huga að annar ársfjórðungur 2007 var óvenju hár í þóknatekjum.

Í eftirfarandi töflu er hreinum þóknatekjum skipt niður eftir landssvæðum:

Milljónir króna	Jan-jún 2008	Jan-jún 2007	Breyting	Milljónir króna	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	Breyting
Ísland	12.030	10.668	13%	Ísland	7.004	5.026	39%
Skandinavía	4.352	3.626	20%	Skandinavía	2.218	2.134	4%
Bretland	6.310	9.418	-33%	Bretland	3.934	2.376	66%
Lúxemborg	2.112	3.163	-33%	Lúxemborg	1.016	1.096	-7%
Önnur lönd	403	650	-38%	Önnur lönd	87	316	-72%
Samtals	25.207	27.525	-8%	Samtals	14.259	10.948	30%

Gengishagnaður, sem felur í sér tekjur vegna arðgreiðslna, hagnað vegna eigna eða skulda sem metnar eru á gangvirkni og hagnað af gjaldmiðlum, nam á fyrri hluta ársins 10.614 m.kr. og dróst saman um 56,2% miðað við sama tímabil 2007. Gengishagnaður á öðrum ársfjórðungi 2008, nam 927 m.kr. samanborið við 10.772 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007. Lægri gengishagnað má skýra fyrst og fremst með óhagstæðri þróun á fjármálamörkuðum en gengistap á hlutfjárstöðum bankans nemur 7.367 m.kr. Gengishagnaður af afleiðu- og gjaldeyrisstöðu bankans nam samtals á fyrri helmingi ársins 25.873 m.kr. þar af 8.209 m.kr. á öðrum ársfjórðungi. Þessi hagnaður kemur einkum til vegna varna á eiginfjárlutfalli bankans umfram fjárfestingar í erlendum dótturfélögum.

Gengishagnaður/tap greinist á eftirfarandi landsvæði:

2. ársfjórðungur 2008	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður (tap) af skuldabréfum	-3.206	-388	-189	-74	0	-3.858
Hagnaður (tap) af hlutabréfum	-1.588	-5.941	413	-315	64	-7.367
Hagnaður (tap) af afleiðusamn. og gjaldeyrisjöfnuði	7.085	344	390	404	-13	8.209
Hagnaður (tap) af áhættuvarnasamningum	0	2.222	14	0	0	2.236
Samtals	2.290	-3.764	629	14	50	-780
Arðstekjur	224	1.496	-26	13	0	1.707
Gengishagnaður samtals	2.515	-2.268	602	28	50	927

Janúar - júní 2008	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður (tap) af skuldabréfum á gangvirkni	-1.944	-1.305	-258	212	0	-3.295
Hagnaður (tap) af hlutabréfum á gangvirkni	-1.167	-10.792	-4.951	-354	73	-17.191
Hagnaður (tap) af afleiðusamn. og gjaldeyrisjöfnuði	25.517	1.484	-1.232	144	-39	25.873
Hagnaður af áhættuvarnasamningum	0	2.171	16	0	0	2.187
Samtals	22.406	-8.441	-6.426	2	34	7.574
Arðstekjur	420	2.590	9	21	0	3.040
Gengishagnaður (tap) samtals	22.825	-5.851	-6.417	23	34	10.614

Aðrar tekjur námu 5.863 m.kr. á fyrri helmingi ársins og lækka um 26,7% frá fyrri helmingi ársins 2007. Lækkunin skýrist einkum af því að á öðrum ársfjórðungi 2007 seldi Kaupping eignarhlut sinn í fasteignafélaginu Eik en hagnaður bankans vegna sölunnar nam 4.262 m.kr. Til annarra tekna á árinu 2008 telst m.a. hagnaður hlutdeildarfélaganna að fjárhæð 1.678 m.kr. og tekjur af rekstrarleigusamningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander að fjárhæð 2.919 m.kr. en til stendur að selja þennan hluta starfseminnar á næstu mánuðum. Á öðrum ársfjórðungi var tap af hlutdeild bankans í hlutdeildarfélagum en það skýrist einkum vegna leiðréttingar á áætlaðri afkomu þeirra frá fyrra ársfjórðungi. Við útreikning á hlutdeild í ársfjórðungslegum hagnaði Storebrand er miðað við spár markaðsaðila á hagnaði fyrirtækisins fyrir tímabilið og koma frávik raunverulegs hagnaðar frá áætluðum hagnaði til tekna eða gjalda í næsta uppgjöri á eftir.

Gjöld

Rekstrarkostnaður á fyrri helmingi ársins nam 47.065 m.kr. og jókst um 28,2% miðað við sama tímabil 2007. Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 25.503 m.kr. og hækkaði um 34,1% miðað við annan ársfjórðung 2007. Hækkunin milli ára skýrist einkum af umtalsverðri fjölgun starfsmanna bankans, eða um 12,6% milli tímabila. Sérstök áhersla hefur verið lögð á kostnaðaraðhald og sér bankinn fram á að draga muni úr rekstrarkostnaði á næsta ársfjórðungi. Kostnaðarhlutfall á fyrri hluta ársins var 52,4%.

Launakostnaður bankans á fyrri helmingi ársins nam 25.765 m.kr. og jókst um 15,2% miðað við sama tímabil 2007. *Launakostnaður* á öðrum ársfjórðungi 2008 nam 13.672 m.kr. og jókst um 15,5% miðað við annan ársfjórðung 2007. Þann 30. júní voru 3.207 stöðugildi hjá samstæðunni samanborið við 2.847 stöðugildi þann 30. júní 2007. Fjölgun stöðugilda á milli tímabila nemur því 360 eða 12,6%. Aukning *launakostnaðar* á öðrum ársfjórðungi miðað við fyrsta ársfjórðung skýrst einkum af veikingu krónunnar og *kostnaðar vegna uppsagna starfsmanna*. Frá áramótum hefur stöðugildum hjá samstæðunni fækkað um 127 talsins og þar af fækkaði stöðugildum í öðrum ársfjórðungi um 117 en þann 30. júní voru 3.207 stöðugildi hjá samstæðunni samanborið við 3.334 um áramót.

Annar rekstrarkostnaður á fyrri helmingi ársins nam 21.300 m.kr. og jókst um 6.943 m.kr. miðað við sama tímabil 2007 nam 11.831 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og jókst um 4.647 m.kr. miðað við annan ársfjórðung 2007 eða 64,7% og um 24,9% frá fyrsta ársfjórðungi. Mikil veiking krónunnar á fyrri hluta ársins 2008 skýrir þessa aukningu að mestu en einnig má rekja hluta af aukningunni til uppsetningar og reksturs Kaupthing-Edge – innlánabanka Kaupþings á netinu.

Virðisrýrnun útlána á fyrri helmingi ársins nam 9.650 m.kr. og jókst um 286,3% miðað við sama tímabil 2007. *Virðisrýrnun útlána* á öðrum ársfjórðungi nam 5.591 m.kr. samanborið við 1.075 m.kr. á sama tímabili 2007. *Virðisrýrnunin* er annars vegar í tengslum við sértæk lán eða 5.864 m.kr. en hins vegar nemur viðbótarframlag í afskriftarsjóð á móti skilgreindum útlánasöfnum 3.786 m.kr. Þessi aukning *virðisrýrnunar* hjá samstæðunni skýrist einkum af óhagstæðum markaðsaðstæðum á Íslandi og í Bretlandi.

Tekjuskattur á fyrri helmingi ársins var jákvæður um 880 m.kr. samanborið við 9.888 m.kr. gjaldfærðan tekjuskatt á fyrri helmingi ársins 2007. *Tekjufærsla* vegna tekjuskatts á öðrum ársfjórðungi 2008 var 2.372 m.kr. Skýring þessa viðsnúnings eru breytingar á skattalögum á Íslandi í maí sem gilda frá og með 1. janúar 2008. Annars vegar lækkaði tekjuskattur á fyrirtæki úr 18% í 15% og hins vegar var tekjuskattur af söluhagnaði hlutabréfa felldur niður.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir bankans 30. júní 2008 námu 6.603,7 mö.kr. og jukust um 1.256,4 ma.kr. frá áramótum eða um 23,5%. *Heildareignir* bankans drógust saman um 9,0% á fyrri hluta ársins mælt í evrum.

Útlán til viðskiptamanna jukust úr 3.304,4 mö.kr. í 4.169,2 ma.kr. eða um 26,2% frá áramótum (7,0% samdráttur í evrum). Dregið hefur verulega úr útlánum hjá bankanum á flestum markaðssvæðum bankans. Af útlánum til viðskiptamanna eru 40% með skemmri líftíma en 12 mánuði. Íbúðalán á Íslandi námu í lok mars 4,4% af útlánum til viðskiptavina eða alls 181,8 mö.kr. og nam meðal veðsetningarhlutfall íbúðalána bankans 58% í lok annars ársfjórðungs. Kröfur á lánastofnanir lækkuðu úr 588,4 mö.kr. í 529,6 ma.kr. á árinu sem er lækkun um 10,0% í krónum og 33,7% lækkun í evrum.

Yfirtöku- og fjármögnunarútlánasafn bankans hækkaði úr 541,3 mö.kr. í 706,2 ma.kr. eða um 30,5% á fyrri helmingi ársins og nam 17% af útlánum til viðskiptamanna bankans. Lánasafnið lækkaði hins vegar um 0,2% í evrum á tímabilinu. Í framangreindu útlánasafni nema fimm stærstu lánin um 24% af safninu, samanborið við 25% í árslok 2007. Meðal skuldsetningarhlutfall lánasafns bankans á móti hreinum rekstrartekjum (e. Average Debt/EBITDA) var 4,8 í lok annars ársfjórðungs. Bankinn ber enga söluþryggingaráhættu í tengslum við yfirtöku- og fjármögnunarsafn sitt..

Aðrar fjáreignir alls námu 1.285,8 mö.kr. þann 30. júní 2008 og jukust um 440,3 ma.kr. frá áramótum eða um 52,1%. Að teknu tilliti til veikingar krónunnar jukust þær um 12,1% frá áramótum. Skuldabréf og aðrar vaxtaberandi eignir námu 676,3 mö.kr. þann 30. júní og jukust um 84,1% frá áramótum. Stöður í hlutabréfum og öðrum eignum með breytanlegum tekjum námu 172,3 mö.kr. þann 30. júní. Afleiðusamningar námu 328,2 mö.kr. þann 30. júní og jukust um 193,4 ma.kr. frá áramótum. Rekja má þessa hækkun til aukningar í gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum og aukinna viðskipta með skiptasamninga (e. contract for difference) í Bretlandi. Auk þess á bankinn hlutabréf að virði 35,9 ma.kr. sem gerðir hafa verið afleiðusamningar á móti. Bankinn ber jafnframt ekki markaðsáhættu af 7,4 mö.kr. vegna hlutdeildar minnihluta eigenda í Norvestia, dótturfélagi bankans í Finnlandi.

Skráð hlutabréf voru 63,5 ma.kr. eða um 1,0% af heildareignum bankans 30. júní. Þar af eru 15,7 ma.kr. vegna hlutabréfa sem skráð eru í OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi, eða 24,8% af heildinni. Óskráð hlutabréf námu 92,4 mö.kr. eða um 1,4% af heildareignum bankans þann 30. júní samanborið

við 1,6% í byrjun ársins. Fimm stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum námu um 51% af verðmæti óskráðra hlutabréfa.

Stefna Kaupplings er að eign bankans í skráðum og óskráðum hlutabréfum (hlutabréf og hlutabréfasjóðir) sé innan við 35% af eiginfjárgrunni bankans. Þann 30. júní nam hlutfallið 25,5%. Þar af var hlutfall skráðra hlutabréfa 9,6% og óskráðra hlutabréfa 15,8% af eiginfjárgrunni.

Aðrar eignir námu 183,2 mö.kr. þann 30. júní 2008 og lækkuðu um 37,4% frá áramótum. Skýrist lækkunin einkum af lægri fjárhæð í úppgerðum viðskiptum.

Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir námu 670,9 ma.kr. þann 30. júní 2008 og jukust um 331,8 ma.kr. frá áramótum, eða 97,9%.

Innlán námu 1.848,2 mö.kr. 30. júní 2008 og jukust um 466,7 ma.kr. frá áramótum eða sem nemur 33,8%. Frá áramótum hafa innlán dregist saman um 1,4% í evrum. Innlán námu samtals 28,0% af eignum bankans þann 30. júní. Innlán sem hlutfall af útlánnum til viðskiptamanna námu 44,3%. Sjá nánari umfjöllun um innlán á bls 10.

Lántökur námu 2.883,3 mö.kr. 30. júní 2008, samanborið við 2.616,0 ma.kr. við upphaf árs og nam aukningin 267,3 mö.kr. á árinu eða sem nemur 10,2%. Hinsvegar drógust lántökur saman á fyrri helmingi ársins um 18,8% í evrum.

Eigið fé hluthafa nam 424,2 ma.kr. þann 30. júní 2008 samanborið við 345,6 ma.kr. í byrjun ársins og hefur því aukist um 78,6 ma.kr. eða 22,7%. Á meðal þess sem hefur áhrif á eigið fé bankans er 33,7% veiking krónunnar á fyrri hluta ársins. Áhrif þýðingarmunar dótturfélaga og varnar í heild námu 75,8 ma. kr. á tímabilinu sem fært er beint á eigið fé. Hagnaður tímabilsins skv. rekstrarreikningi nam 34,1 ma. kr. og var því heildarafkoma hluthafa bankans í gegnum eigið fé 109,9 ma. kr á tímabilinu. Jafnframt hafði 14,4 ma.kr. arðgreiðsla bankans, 20 kr. á hlut, í lok mars áhrif á eigið fé bankans því til lækkunar auk þess sem keyptir eigin hlutir í bankanum lækkuðu eigið féð um 14,8 ma. kr.

Eiginfjárgrunnur bankans nam 582,9 mö.kr. þann 30. júní 2008. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum var 11,2% þann 30. júní samanborið við 11,8% í ársbyrjun. Eiginfjárlutfall A (e. Tier I) var 9,3% en var 9,6% í ársbyrjun. Markmið stjórnenda bankans er að eiginfjárlutfall A sé yfir 8,0% og eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum sé yfir 11,0%.

Þann 30. júní var útgefið hlutfé bankans 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti. Hluthafar bankans þann 30. júní voru samtals 30.830. Stærstu hluthafar bankans eru Exista sem á 24,7% og Kjalur með 9,9% hlut.

Niðurstaða afkomusviða Kaupplings

Kaupping skiptir rekstri sínum í fimm afkomusvið auk stoðsviða. Afkomusviðin eru: Bankasvið, Markaðsviðskipti, Fjárfstýring, Fyrirtækjaráðgjöf og Eignastýring og einkabankaþjónusta.

Á öðrum ársfjórðungi var hagnaður fyrir tekjuskatt hjá þremur afkomusviðum bankans en tap á tveimur. Mesti hagnaðurinn fyrir tekjuskatt á ársfjórðungnum var hjá Fjárfstýringu að fjárhæð 13.011 m.kr., Hagnaður Bankasviðs nam 10.582 m.kr. og Eignastýring og einkabankaþjónusta var með 703 m.kr. hagnað. Tap var hjá Markaðsviðskiptum sem nam 5.917 m.kr. og hjá Fyrirtækjaráðgjöf sem var með 517 m.kr. tap. Undir liðnum önnur svið færast gengishagnaður af gjaldeyrisstöðu bankans umfram fjárfestingar í dótturfélögum vegna varna á eigin fé.

Frá og með fyrsta ársfjórðungi 2008 var útreikningum á útteildum kostnaði afkomusviða breytt. Þá var útteildum kostnaði fyrir hvern ársfjórðung ársins 2007 jafnframt breytt til samræmis.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu afkomusviða á öðrum ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna - 2. ársfj. 2008</i>	Bankasvið	Markaðs- viðskipti	Fjárstýring	Fyrirtækja- ráðgjöf	Eignastýring og einka- bankaþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	19.055	1.144	12.134	-598	373	-5.245	26.863
Hreinar þóknatekjur	2.842	4.846	-49	3.038	3.392	192	14.259
Gengishagnaður	294	-7.286	4.909	-557	326	3.241	927
Aðrar tekjur	1.862	56	154	156	57	-355	1.928
Rekstrartekjur	24.052	-1.240	17.147	2.038	4.148	-2.168	43.977
Rekstrargjöld	6.763	4.412	3.668	2.336	3.164	5.160	25.503
Virðisrýrnun	5.594	3	0	0	0	-6	5.591
Heildargjöld	12.357	4.415	3.668	2.336	3.164	5.154	31.094
Framlegð	11.695	-5.655	13.479	-298	984	-7.322	12.883
Útdeildur kostnaður	1.113	262	468	219	280	-2.342	0
Afkoma fyrir tekjuskatt	10.582	-5.917	13.011	-517	703	-4.980	12.883

Bankasvið

Bankasvið veitir einstaklingum almenna bankaþjónustu einkum á Íslandi og einnig í Noregi og Svíþjóð. Jafnframt veitir sviðið meðalstórum og stærri fyrirtækjum þjónustu sem jafnan felst í ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun, einkum í Danmörku, Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi.

Hagnaður Bankasviðs fyrir tekjuskatt nam 10.582 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og jókst um 49,4% miðað við fyrsta ársfjórðung 2008. Rekstrartekjur Bankasviðs námu 24.052 m.kr. og jukust um 28,2% miðað við fyrsta ársfjórðung 2008. Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi námu 19.055 m.kr. og jukust um 18,9% frá fyrsta ársfjórðungi. Aukningin skýrist meðal annars af veikingu krónunnar og nokkrum stórum endurfjármögnunarverkefnum. Hreinar þóknatekjur sviðsins jukust um 178,3% frá fyrsta ársfjórðungi og skýrist það meðal annars af auknum umsvifum og því að nokkrum stórum endurfjármögnunarverkefnum var lokið á ársfjórðungnum. Heildargjöld námu 12.357 m.kr. og aukast þau um 17,7% frá fyrsta ársfjórðungi 2008. Meginskýring aukningarinnar er aukin virðisrýrnun útlána sem nam 5.594 m.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 4.065 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Virðisrýrnunin skýrist annars vegar af viðbótarframlagi í afskriftarsjóð á móti skilgreindum útlánasöfnum sem nemur 1.479 m.kr. og hins vegar nemur virðisrýrnun í tengslum við sértæk lán 4.112 m.kr. Veiking krónunnar skýrir jafnframt hluta af aukningu heildargjalda á sviðinu.

<i>Milljónir króna</i>	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	19.055	16.027	15.897	15.653	15.691
Hreinar þóknatekjur	2.842	1.021	2.037	1.835	1.538
Gengishagnaður	294	44	217	-40	122
Aðrar tekjur	1.862	1.664	1.616	1.747	1.620
Rekstrartekjur	24.052	18.756	19.768	19.195	18.972
Rekstrargjöld	-6.763	-6.434	-7.092	-6.580	-6.636
Virðisrýrnun	-5.594	-4.065	-2.012	-1.643	-1.082
Heildargjöld	-12.357	-10.499	-9.103	-8.223	-7.718
Framlegð	11.695	8.257	10.664	10.972	11.254
Útdeildur kostnaður	-1.113	-1.174	-544	-926	-442
Afkoma fyrir tekjuskatt	10.582	7.083	10.121	10.046	10.812

Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti og Eigin viðskipti bankans eru gerð upp sameiginlega undir heitinu Markaðsviðskipti. Markaðsviðskipti miðla verðbréfum fyrir viðskiptavini bankans. Eigin viðskipti stunda viðskipti fyrir eigin reikning bankans á öllum helstu mörkuðum, auk þess að sinna viðskiptavakt með hlutabréf og skuldabréf.

Tap Markaðsviðskipta fyrir tekjuskatt nam 5.917 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og endurspeglar afkoman óhagstæða þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Rekstrartekjur voru neikvæðar sem nam

1.240 m.kr. en voru neikvæðar um 4.529 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008. Gengistap sviðsins nam 7.286 m.kr. og er 1.549 m.kr. minna en á fyrsta ársfjórðungi. Gengistapið skýrist að mestu af stöðum bankans í norrænum og breskum félögum. Þóknatekjur í ársfjórðungnum námu 4.846 m.kr. og jukust þær um 13,6% miðað við fyrsta ársfjórðung 2008. Hreinar vaxtatekjur voru jákvæðar um sem nemur 1.144 m.kr. á ársfjórðungnum og er það viðsnúningur frá fyrsta ársfjórðung 2008. Hreinar vaxtatekjur í Markaðsviðskiptum eru einkum af skuldabréfaeignum og afleiðusamningum í gjaldeyris- og afleiðumiðlun. Rekstrargjöld námu 4.415 m.kr. og jukust um 15,1% á milli ársfjórðunga en helsta skýring aukningarinnar er veiking krónunnar.

<i>Milljónir króna</i>	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	1.144	-16	1.600	876	524
Hreinar þóknatekjur	4.846	4.264	5.778	4.336	6.717
Gengishagnaður	-7.286	-8.834	-6.920	-452	6.663
Aðrar tekjur	56	57	140	-13	42
Rekstrartekjur	-1.240	-4.529	598	4.746	13.945
Rekstrargjöld	-4.412	-3.834	-4.356	-3.129	-3.278
Virðisrýrnun	-3	0	0	0	1
Heildargjöld	-4.415	-3.834	-4.356	-3.129	-3.277
Framlegð	-5.655	-8.363	-3.758	1.617	10.668
Útdeildur kostnaður	-262	-591	-366	-625	-419
Afkoma fyrir tekjuskatt	-5.917	-8.954	-4.124	992	10.249

Fjárstýring

Starfsemi Fjárstýringar skiptist í fjármögnun bankans, millibankaborð og gjaldeyris- og afleiðuviðskipti.

Hagnaður Fjárstýringar fyrir tekjuskatt nam 13.011 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og er það mesti hagnaður sviðsins á einum ársfjórðungi til þessa. Rekstrartekjur námu 17.147 m.kr. og jukust um 2.276 m.kr. miðað við fyrsta ársfjórðung 2008. Hreinar vaxtatekjur jukust um 23,0% á öðrum ársfjórðungi miðað við fyrsta ársfjórðung 2008 og skýrist það einkum af hárrí verðbólgu á Íslandi. Gengishagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 4.909 m.kr. og skýrist af hagnaði af gjaldmiðlum og gjaldmiðlaskiptasamningum og áhættuvörnum. Heildargjöld námu 3.668 m.kr. á öðrum ársfjórðungi og jukust um 49,9% á frá fyrsta ársfjórðungi. Stærstur hluti skýringarinnar á auknum kostnaði á sviðinu er kostnaður sem fellur til vegna uppsetningar og reksturs nýs innlánabanka Kaupþings á netinu – Kaupthing-Edge.

<i>Milljónir króna</i>	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	12.134	9.867	7.946	5.501	4.884
Hreinar þóknatekjur	-49	-67	-225	-555	149
Gengishagnaður	4.909	4.772	-11.650	-6.953	1.251
Aðrar tekjur	154	299	-51	31	44
Rekstrartekjur	17.147	14.871	-3.980	-1.976	6.328
Rekstrargjöld	-3.668	-2.446	-1.290	-1.287	-1.786
Virðisrýrnun	0	0	33	-6	6
Heildargjöld	-3.668	-2.446	-1.257	-1.293	-1.780
Framlegð	13.479	12.425	-5.237	-3.269	4.548
Útdeildur kostnaður	-468	-354	-106	-185	-141
Afkoma fyrir tekjuskatt	13.011	12.071	-5.343	-3.454	4.407

Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf sér meðal annars um að aðstoða fyrirtæki við hlutafjárútboð og veita ráðgjöf við samruna og yfirtökur.

Tap Fyrirtækjaráðgjafar fyrir tekjuskatt nam 517 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og er það viðsnúningur frá fyrsta ársfjórðungi 2008. Hreinar þóknatekjur námu 3.038 m.kr. á fjórðungnum og jukust um 37,9% á milli ársfjórðunga. Skýrist aukningin einkum af auknum umsvifum í Bretlandi og á Íslandi. Rekstrartekjur námu 2.038 m.kr. en voru 3.076 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008. Gengistap nam 557 m.kr. á öðrum ársfjórðungi og er það viðsnúningur frá fyrri ársfjórðungi en á öðrum ársfjórðungi lækkaði gengi nokkurra skráðra félaga í eigu bankans. Heildargjöld námu 2.336 m.kr. og jukust um 37,3% frá fyrsta ársfjórðungi en það skýrist meðal annars af kostnaði við uppsagnir starfsmanna á sviðnu. Ohagstæðar markaðsaðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa haft áhrif á afkomu Fyrirtækjaráðgjafar síðustu þrjá ársfjórðunga.

	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2008	2008	2007	2007	2007
Hreinar vaxtatekjur	-598	-683	-327	-655	-950
Hreinar þóknatekjur	3.038	2.203	2.268	4.196	3.767
Gengishagnaður	-557	1.445	1.362	7.711	1.671
Aðrar tekjur	156	111	22	170	-34
Rekstrartekjur	2.038	3.076	3.325	11.422	4.454
Rekstrargjöld	-2.336	-1.701	-2.230	-1.750	-1.209
Virðisrýmun	0	0	-24	0	0
Heildargjöld	-2.336	-1.701	-2.255	-1.750	-1.209
Framlegð	-298	1.374	1.070	9.672	3.244
Útdeildur kostnaður	-219	-199	-222	-336	-281
Afkoma fyrir tekjuskatt	-517	1.176	848	9.336	2.963

Eignastýring og einkabankþjónusta

Starfsemi Eignastýringar og einkabankþjónustu skiptist í fjóra meginþætti: Sjóðastýringu, einkabankþjónustu, eignastýringu fyrir fagfjárfesta og þjónustu fyrir fagfjárfesta.

Hagnaður Eignastýringar og einkabankþjónustu fyrir tekjuskatt nam 703 m.kr. á öðrum ársfjórðungi. Rekstrartekjur sviðsins námu 4.148 m.kr. og standa því sem næst í stað á milli ársfjórðunga. Hreinar þóknatekjur námu 3.392 m.kr. og standa einnig í stað á milli ársfjórðunga. Heildargjöld námu 3.164 m.kr. og jukust um 15,2% á milli ársfjórðunga. Hluti aukningarinnar skýrist af hærri launakostnaði vegna veikingar krónunnar.

Fjármunir í vörslu bankans námu 2.470 mö.kr. 30. júní 2008 og jukust um 8,5% frá áramótum. Eignir í stýringu námu 1.630 mö.kr. þann 30. júní 2008 og jukust um 4,6% frá áramótum, en lækkuðu um 22,9% í evrum. Neikvæð ávöxtun á fjármálamörkuðum skýrir einnig hluta af raunlækkuninni.

	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2008	2008	2007	2007	2007
Hreinar vaxtatekjur	373	421	263	389	208
Hreinar þóknatekjur	3.392	3.392	4.067	3.245	3.075
Gengishagnaður	326	205	40	119	123
Aðrar tekjur	57	128	76	143	-135
Rekstrartekjur	4.148	4.145	4.445	3.896	3.271
Rekstrargjöld	-3.164	-2.748	-2.608	-2.192	-1.874
Virðisrýmun	0	0	0	0	0
Heildargjöld	-3.164	-2.748	-2.608	-2.192	-1.874
Framlegð	984	1.397	1.837	1.704	1.397
Útdeildur kostnaður	-280	-589	-886	-707	-733
Afkoma fyrir tekjuskatt	703	808	951	997	663

Helstu atburðir á öðrum ársfjórðungi 2008

Stjórnir Kaupþings og SPRON samþykkja samrunaáætlun

Stjórnir Kaupþings og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. („SPRON“) hafa samþykkt samrunaáætlun um að Kaupþing yfirtaki eignir og skuldir SPRON með samruna félaganna. Samruninn hefur óveruleg áhrif á heildarstærð Kaupþings á samstæðugrundvelli.

Samruninn er háður samþykki hluthafafundar SPRON og Fjármálaeftirlitsins. Þá er samruninn einnig háður því að samkeppnisyfirvöld ógildi hann ekki eða setji honum skilyrði sem stjórnir félaganna telja óviðunandi eða leiði til þess að óhjákvæmilegt sé að leggja ákvörðun um samrunann að nýju fyrir hluthafafund í SPRON. Hluthafafundur í SPRON verður haldinn þann 6. ágúst næstkomandi.

Nánari upplýsingar um fyrirhugaðan samruna er að finna í fréttatilkynningu Kaupþings frá 1. júlí 2008.

Sala eignafjármögnunar og lokun hrávörviðskiptafjármögnunar í Bretlandi

Kaupthing Singer & Friedlander, dótturfélag Kaupþings, tilkynnti í febrúar að það hyggðist selja og leggja af starfsemi á sviði eignafjármögnunar (e. Asset Finance) Þessar breytingar eru síðasti liðurinn í endurskipulagningu rekstrarins í Bretlandi í kjölfar kaupa Kaupþings á Singer & Friedlander árið 2005. Nú er verið að ganga frá sölu á rekstrarleigustarfsemi eignafjármögnunar Kaupthing Singer & Friedlander og gert er ráð fyrir að aðrir hlutar eignafjármögnunar Kaupthing Singer & Friedlander verði seldir á næstu mánuðum. Þetta mun koma til með að hafa lækka kostnað bankans og losa um lausafé sem nemur samtals rúmlega einum milljarði punda. Það fjármagn sem losnar verður nýtt til að efla kjarnastarfsemina í Bretlandi enn frekar.

Kaupþing hættir samstarfi við New Bond Street Asset Management

Kaupþing hefur tekið þá ákvörðun að draga sig út úr starfsemi á sviði sérvarinna skuldabréfa (e. structured credit business) og hefur tilkynnt að bankinn óski eftir að segja upp fjárfestingarráðgjafasamningi við New Bond Street Asset Management (NBSAM) frá og með júlí 2008 og taka við stýringu á eigin eignum. Kaupþing verður áfram meðeigandi NBSAM (e. corporate partner) þar til í maí 2009. NBSAM var stofnað árið 2004.

Fjármögnun og láns hæfismat

Áframhaldandi áhersla á innlán

Á meðal þess sem ráðist var í til að auka vægi innlána hjá Kaupþingi var stofnun sérstaks innlánsbanka á netinu – Kaupthing Edge. Starfsemi Kaupthing Edge er nú í tíu Evrópulöndum. Heildarinnlán hjá Kaupthing-Edge í lok júní námu rúmlega 377,2 ma. kr. og var fjöldi viðskiptavina þá orðinn 140 þúsund, það er fjöldi virkra reikninga. Aukning innlána hefur verið stöðug síðustu mánuði og nam aukningin í öðrum ársfjórðungi 269,0 ma.kr. Innlánin eru vel dreifð milli landa, bæði frá einstaklingum og fjirtækjum, en tæplega fjórðungur þeirra er í bundnum innlánum.

Heildarinnlán í bankanum námu tæplega 1.848,2 ma. kr. þann 30. júní, og höfðu innlán aukist um 33,8% miðað við árslok 2007. Alls jukust innlán á öðrum ársfjórðungi um 399,8 ma.kr. eða sem nemur 27,6% og um 22,7% mælt í evrum. Kaupþing áformar að opna Kaupthing-Edge í fleiri löndum samhliða áframhaldandi áherslu á aukningu innlána frá núverandi viðskiptavinum. Markmið Kaupþings er að að helmingur útlána til viðskiptavina verði fjármagnaður með innlánum við árslok 2008 og hefur velgengni Kaupthing-Edge fært bankann nær því markmiði. Innlán sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina námu 44,3% í lok júní en sambærileg tala í lok mars var 36,4%.

Fjármögnun

Aðstæður á fjármálamörkuðum á fyrri helmingi ársins voru erfiðar. Langtímaskuldir á gjalddaga það sem eftir lifir af árinu 2008 hjá Kaupþings-samstæðunni eru einungis 141,7 ma. kr. og næsta stóra skuldabréfaútgáfa hjá móðurfélaginu er á gjalddaga í maí 2009. Markmið Kaupþings er að draga úr þörf fyrir og mikilvægi heildsölufjármögnunar í fjármögnun bankans samhliða því að auka mikilvægi innlána í fjármögnun bankans og gegnir Kaupthing-Edge þar lykilhlutverki. Á fyrri helmingi ársins nam heildsölufjármögnun bankans samtals um 305,9 ma., voru það einkum lokaðar skuldabréfaútgáfur (e. private placement) og bankalán.

Tryggt Lausafé

Tryggt lausafé (e. secured liquidity) er helsti mælikvarðinn á lausafjárstöðu Kaupþings. Mælikvarðinn samanstendur af peningalegum eignum, endurhverfanlegu skuldabréfasafni og öðru tryggðu fjármagni. Þessum eignum verður að vera hægt að breyta í lausafé á innan við 15 dögum. Stefna bankans er að eiga ávallt nægjanlegt tryggt lausafé til að geta staðið skil á öllum skuldbindingum næstu 360 daga án þess að þurfa að sækja fjármagn á markað. Í lok fyrri helmings ársins 2008 var tryggt lausafé Kaupþings 991 ma. króna og er það nægjanlegt til að greiða allar útistandandi skuldbindingar til meira en 360 daga. Tryggt lausafé bankans skiptist í eftirfarandi: peningalegar eignir 30%, endurhverfanlegt skuldabréfasafn (e. repo-able bonds) 24% og annað tryggt fjármagn 46%.

Lánshæfiseinkunn/Lánshæfismat

Kaupþing fær lánshæfismat frá þremur lánshæfismatsfyrirtækjum. Lánshæfiseinkunn Moody's er A1/P-1 og eru horfur stöðugar. Fitch hefur gefið bankanum einkunnirnar A-/F2. Fitch lækkaði lánshæfiseinkunnir Kaupþings þann 9. maí síðastliðinn. Langtíma einkunn bankans var lækkuð um eitt þrep úr A í A- og horfur fyrir langtímaeinkunn neikvæðar. Jafnframt er bankinn metinn af R&I sem gefur honum einkunnina A+ og telur R&I horfur stöðugar.

Horfur

Megináhersla í rekstri Kaupþings á árinu 2008 verður að halda áfram samþættingu starfsemi bankans á milli landa og treysta arðsemi hveirrar starfseiningar fyrir sig og sjá til þess að þær standi undir arðsemismarkmiðum bankans. Jafnframt verður mikil áhersla lögð á áframhaldi aukningu á hlutdeild innlána í fjármögnun bankans.

Í ljósi óhagstæðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum má gera ráð fyrir að draga muni úr vexti útlána og efnahags bankans á árinu 2008 miðað við árið 2007. Stjórnendur bankans munu stýra stærð efnahagsreiknings bankans með hliðsjón af aðstæðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Lausafjárstaða bankans er traust en bankinn er með tryggt lausafé yfir 360 daga.

Kostnaðaraðhald hefur verið hert í bankanum og má gera ráð fyrir það muni haldi áfram að sjást í rekstrartölum bankans á næstu ársfjórðungum. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi starfsmanna bankans muni halda áfram að lækka á næstu ársfjórðungum meðal annars vegna væntanlegrar sölu á rekstrarleigustarfsemi bankans sem nú er unnið að í Bretlandi. Alls fækkaði stöðugildum í bankanum um 117 eða sem nemur 3,5% á fjórðungnum.

Stefna stjórnenda bankans er að vægi innlána fari yfir 50% á árinu 2008 en þann 30. júní var hlutfallið 44,3%. Einn liður í aukningu innlána er frekari uppbygging, innlánabanka Kaupþings á netinu - Kaupthing-Edge. Það sem af er árinu hefur Kaupthing Edge verið opnað í Noregi, Bretlandi, Belgíu, Sviss, Lúxemborg, Mön og í Pýskalandi. Næstu mánuði mun Kaupthing-Edge opna í fleiri löndum en viðtökurnar hingað til hafa verið mjög góðar.

Arðsemi eigin fjár nam 19,8% á fyrri hluta ársins en yfirlýst markmið bankans er að ná 15% arðsemi á eigið fé á ári til lengri tíma. Ekki er ástæða til að ætla annað en að það markmið náist á árinu 2008. Hafa verður þó í huga að rekstur banka eins og Kaupþings er háður óvissu, svo sem þróun fjármálamarkaða og ýmsum öðrum þáttum sem ekki eru á valdi bankans.

Fjögurra ára yfirlit

Rekstrarreikningur

<i>Milljónir króna</i>	6M 2008	2007	2006	2005	2004
Hreinar vaxtatekjur	48.195	80.113	52.362	32.710	18.259
Aðrar rekstrartekjur	41.683	85.705	114.854	69.488	31.687
Rekstrartekjur	89.878	165.818	167.216	102.198	49.946
Önnur rekstrargjöld	-47.065	-78.731	-60.006	-35.524	-23.625
Virðisrýrnun	-9.650	-6.180	-6.127	-4.389	-3.825
Tekjuskattur	880	-9.716	-14.636	-11.228	-4.237
Hagnaður eftir tekjuskatt	34.042	71.192	86.447	51.056	18.258
Hagnaður hluthafa	34.114	70.021	85.302	49.260	17.707
Hlutdeild minnihluta	-72	1.171	1.145	1.796	552

Efnahagsreikningur

<i>Milljónir króna</i>	30.06.2008	2007	2006	2005	2004
Eignir					
Sjóður og innst. í Seðlabanka	154.318	97.959	106.961	34.877	6.290
Kröfur á lánastofnanir	529.620	588.441	485.334	195.594	174.310
Útlán til viðskiptamanna	4.169.181	3.304.408	2.538.609	1.543.700	980.107
Skuldabréf og aðrar vaxtab. eignir	676.316	367.350	318.264	390.575	202.934
Hlutabréf og eignir m/breytil. tekjum	172.286	160.797	159.020	114.355	86.122
Afleiður	328.217	134.856	65.454	21.047	13.085
Afleiðusamn. v/áhættuvarna	27.742	22.503	6.453	4.459	3.820
Verðbréf á móti samningum	81.207	159.949	115.938	82.098	0
Fjárf. í hlutdeildarfélagum	107.574	83.831	5.304	13.888	3.649
Óefnislegar eignir	85.757	66.774	68.301	54.943	35.098
Fjárfestingaeignir	37.013	28.155	31.584	24.156	19.155
Rekstrarfjármunir	39.240	32.714	30.466	22.433	6.092
Skatteign	12.027	6.899	5.834	5.004	1.092
Aðrar eignir	183.217	292.708	117.874	33.682	22.700
Eignir samtals	6.603.715	5.347.345	4.055.396	2.540.811	1.554.453
Skuldir og eigið fé					
Innlán	1.848.155	1.381.457	750.657	486.176	202.193
Víkjandi lán	328.153	267.289	216.030	102.688	57.623
Aðrar skuldir	3.989.711	3.342.169	2.753.816	1.749.436	1.135.728
Hlutdeild minnihluta	13.490	10.823	11.382	8.329	9.539
Eigið fé	424.206	345.607	323.510	194.183	149.370
Samtals skuldir og eigið fé	6.603.715	5.347.345	4.055.396	2.540.811	1.554.453
Lykiltölur					
Kostnaðarhlutfall	52,4%	47,5%	35,9%	34,8%	47,3%
Arðsemi eigin fjár hluthafa	19,8%	23,5%	42,4%	34,0%	25,5%
Virðisrýrnun/heildarútlán	0,9%	0,2%	0,2%	0,2%	0,4%
Afskriftareikningur/útlán og ábyrgðir	0,7%	0,6%	0,6%	0,7%	1,4%
V/H hlutfall	9,5	9,2	6,6	9,9	12,4
Hagnaður á hlut	47,7	95,2	127,1	75,2	35,6
Hagnaður á hlut, útbýnntur	46,9	93,3	123,4	73,9	35,1
Meðalfjöldi hluta, milljónir	714	736	671	655	497
Meðalfjöldi hluta, útbýnnt, milljónir	725	751	691	666	505
Fjöldi hluta í lok tímabils, milljónir	719	737	732	664	652
Fjöldi hluta í lok tímabils, útbýnnt, milljónir	730	751	752	675	660
Verð á hlut í lok tímabils	763	880	841	746	442

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

Endurskoðun

Árshlutauppgjörið hefur verið kannað af endurskoðendum bankans.

Kynningarfundur í Reykjavík

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 31. júlí kl. 8:30 í höfuðstöðvum Kaupþings að Borgartúni 19, Reykjavík. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, mun kynna afkomu bankans og svara spurningum. Mögulegt er að fylgjast með fundinum í rauntíma á vef bankans, www.kaupthing.com/ir. Einnig er hægt að hringja í númerin (Bretland) + 44 (0) 203 043 24 36, (Bandaríkin) +1 866 458 40 87 og (Svíþjóð) +46 (0)8 505 598 53 til að taka þátt í fundinum og leggja fram spurningar. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að fundinum loknum á vefjum Kaupþings, www.kaupthing.com og www.kaupthing.is, vef OMX Norrænu kauphallarinnar á Íslandi www.omxgroup.com og á www.huginonline.com.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir Fríða Filipína Fatalla, Fjárfestatengslum, í síma 444-6192. Upplýsingar um Kaupþing er einnig hægt að nálgast á heimasíðum bankans www.kaupthing.is og www.kaupthing.com

Næstu uppgjör Kaupþings banka hf.

30. október Árshlutareikningur 3. ársfjórðungur
5. febrúar Árshlutareikningur 4. ársfjórðungur og ársreikningur 2008.

Kaupþing banki hf. veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er í forystu á nær öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar en auk Íslands eru mikilvægustu markaðssvæði bankans Bretland og Danmörk. Kaupþing banki hf. leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi sinnar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fyrirtækja- og fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu. Þann 30. júní 2008 voru 3.207 stöðugildi hjá Kaupþingi og dótturfélögum.